

## Félagsfundur FBÍ

Haldin í Dirgraneskirkju mánudaginn 18.10.2021 kl.20.00

Mættir stjórnarliðar; Ómar, Gunnar, Kristín, Hafþór, Bjarni, Stefán, Jón Hermann, Atli og Egill.

Fundurinn var auglýstur 7.október um leið og tilboð í fasteign við Ögurhvarf 2 var samþykkt af stjórn einróma. Því til áréttingar var sent SMS á alla félagsmenn og fundarboð birt.

Aðalverkefni þessa fundar er kaup á nýju félagsheimili við Ögurhvarf 2 í Kópavogi.

Setning fundar, framsaga formans, umræður um þetta húsnæði og leyfi félagsmanna til kaupa.

Formaður setur fundinn og stingur upp á Þóru Þórarinsdóttur sem fundastjóra og Gunnari Erni Hjartarsyni sem fundarritara.

Fundurinn samþykkir það.

Fundarstjóri tekur við og gefur formanni orðið.

Formaður tekur við og lýsir fyrir fundarmönnum nýju húsnæði við Ögurhvarf í Kópavogi sem stjórn hefur gert tilboð í og fengið samþykkt.

Formaður fer létt yfir forsögu máls, hvernig fasteignamál hafa þróast síðustu misseri og öll þau húsnæði sem stjórn hefur skoðað, og hafa fá komið til greina í huga stjórnar.

Farið er létt yfir sölufæri á Hlíðasmára og hvernig sala og afhending hefur gengið fyrir sig.

Farið yfir tilraunir okkar um að kaupa Akralind 2, sem ekki hafa gengið eftir, lítið gekk hjá okkur að fá svör um verð.

Stærð Ögurhvarfs 2 er 266fm og kaupverð er 80.000.000ISK og gerir það rétt rúmlega 300.000ISK á fermeter.

Byggja þarf salerni í hinu nýja húsnæði, stækka hurð að framan sem húfélagið hefur þegar munnlega samþykkt, og gera þar einhverjar breytingar vegna eldhúss.

Fyrirvarar okkar um kaup á húsnæði eru eftirfarandi; Samþykki þessa félgsfundar, lokun yfir í næsta rými og yfirlýsing frá húsfélagi um leyfi fyrir innkeyrsluhurð.

Fundastjóri opnar fyrir umræður;

Margrét spyr; Hvort við berum kostnað við lokun yfir í næsta rými, sem nú er samnýtt af ProGastro? Ómar svara; Gat á milli plássu verði lokað fyrir afhendingu til okkar á kostnað seljenda.

Jens spyr; Hann hafi heimsótt verslun ProGastro og að salerni sé ekki til staðar og spyr um staðsetningu á bókasafni og hvort leyfi fyrir stækkun á innkeyrslu hurð liggja fyrir? Einnig lýsir hann áhyggjum sínum að kostnaður geti verið mikill við svona framkvæmd.

Ómar svara;Fyrirvari sé í kautilboði um samþykki húsfélags fyrir stækkun á hurð liggja fyrir áður en kaupsamningur er gerður.

Varðandi salerni þá verða þau smíðuð af okkur og við munum klárlega fara sparlega með fé í þessum framkvæmdum.

Ómar kynnir einnig fyrir mönnum að lántaka verði hagkvæmari núna nr það lán sem fyrir var á Hlíðasmára. Þar að segja að kjör á lánsfé sé betri núna en áður.



Axel spyr; Varðandi útlit á húsi og hvort arkitekt leyfi breytingar á hurð?

Margrét spyr; um fyrirvara í kautilboði um hurð á framhlið?

Ómar svarar til um að fordæmi sé fyrir innkeyrsluhurð í húsi á neðri hæð og að fyrirvari sé í kautilboði að seljendur þurfi að fá undirritað samþykki frá húsfélagi.

Jón Loftson spyr; Hvort þetta verði félagheimili eða bílskúr?

Bjarni svarar því til að þetta sér klárlega félagsheimili, opið rými til sýningar á bílum alls ekki til geymslu fyrir bíla, bókasafnið verði á hjólum, og þetta verði opið og skemmtilegt.

Stefán spyr; er möguleiki á samkomusal?

Bjarni svarar því til að við viljum hafa þetta sem mest opið og það verði hægt að koma mörgum saman í einu og að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu um að koma þarna saman, útgangar eru beggja vegna í húsnæði.

Sigurður spyr; Hvernig er með eldvarnir, hvort við fáum leyfi fyrir samkomum?

Bjarni svarar því til að okkur þykir líklegt að þetta verði ekki vandamál.

Tryggvi spyr; Hvernig gólfefni sé í þessu húsnæði.

Bjarni svarar því til að þarna sé dúkur.

Björn spyr; Hvort þarna séu tvær hæðir eða ekki?

Bjarni svarar því til að það sé að hluta til á tveimur hæðum.

Hinrik spyr; Hvað kemur klúbburinn til með að skulda mikið við þessa framkvæmd.

Ómar svarar vegna kaupa 7-8 miljónir, svo þurfum við að eyða einhverju í framkvæmdir, skuldir ættu ekki að verða meira en 15-16 miljónir þegar búið er að innrétta þetta smekklega.

Jens spyr; Hvenær fáum við þetta afhent?

Ómar svarar; 1.febrúar 2022.

Jens spyr; um leyfi fyrir innkeyrsluhurð?

Bjarni vísar í áðursögð svör.

Fundastjóri óskar eftir frekari spurningum, en engar berast.

Fundastjóri lokar mælendaskrá kl.20.44

Fundastjóri opnar fyrir kosningu félagsmanna um leyfi til handa stjórn til að kaupa húsnæði við Ögurhvarf 2 og lántöku upp á 15-16miljónir vegna þessa.

Kjörstjórn segir að afhentir hafa verið 92 kjörseðlar.



Kjörstjórn telur atkvæði fyrir opnum tjöldum fyrir framan fundamenn.

Já við kaup á Ögurhvarfi 2 sögðu 82

Nei við kaup á Ögurhvarfi 2 sögðu 6

Engir ógildir né auðir.

Fundur hefur samþykkt að gefa stjórn leyfi til að kaupa þessa fasteign við Ögurhvarf 2 og til lántöku.

Fundarstjóri opnar fyrir önnur mál.

Engin kveður sér hljóðs.

Formaður þakkar fundamönnum fyrir traust og þessa góðu kosningu.

Formaður slítur fundi kl.21.04



Fundarritari Gunnar Örn Hjartarson